

Greinargerð með ársreikningi 2023- lögð fram á ársþingi KSÍ 24. febrúar 2024

Rekstrartekjur KSÍ

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2023 voru rúmlega 1,9 milljarður kr. eða 4,2% hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Hér má sjá tekjur ársins 2023, bornar saman við áætlun:



Hér má sjá á myndrænan hátt skiptingu rekstrartekna KSÍ árið 2023:



Á næsta línuriti má sjá hvernig tekjur KSÍ hafa þróast sl. tíu ár. Tveir greinilegir toppar eru á línuritinu, sem skýrast af greiðslum vegna þátttöku A landsliðs karla á EM í Frakklandi 2016 og HM í Rússlandi 2018. Þá skýrist aukning tekna árið 2022 af einskíptis greiðslu, þ.e. endurgreiðslu hluta Covid-19 kostnaðar KSÍ og uppgjörs sjónvarpstekna.

Topparnir 2016 og 2018 sýna glögglega hversu miklar tekjur koma ef A landslið karla nær þeim árangri að komast á lokamót EM eða HM. Til mikils er að vinna að fjárfesta í uppbyggingu landsliðsstarfs.




Helstu liðir í rekstrartekjum KSÍ:

Styrkir og framlög (55.3% af heildartekjum KSÍ)

Styrkir og framlög ársins 2023 voru 1.068.704.123, eða um 32 m.kr. undir áætlun, sem skýrist af því að KSÍ frestaði HatTrick verkefnum sem áætlað var að ljúka árið 2023 til ársins 2024.

Hér má sjá myndræna sundurliðun á þessum tekjulíð árið 2023:




- Framlög UEFA árið 2023 voru rúmar 488 m. kr. en inn í þeirri upphæð eru til dæmis greiðslur vegna reksturs, framlög til landsliða, innleiðingar ýmissa gæðastaðla (góðir stjórnunarhættir, dómarasáttmáli UEFA, þjálfarasáttmáli UEFA, styrkir vegna einstakra verkefna og endurgreiðsla vegna upphalds erlendra dómara á Íslandi, svo eitthvað sé nefnt).
- Framlög frá FIFA voru rúmar 376 m.kr. á síðasta ári.
- Ýmsir styrkir námu rúmum 138 m.kr., en á bak við þessi framlög eru m.a. samningar við innlenda samstarfsaðila KSÍ og PUMA.
- Árið 2023 fékk KSÍ rúmar 47 m. kr. í útbreiðslustyrk, ríkisstyrk og Lottó.
- Þá fékk KSÍ tæpar 18 m.kr. 2023 frá Íslenskum getraunum.
- Eins og þekkt er fékk KSÍ ekki úthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ árið 2023, hvorki vegna þeirrar umsóknar sem skilað var í ársbyrjun 2023 né í sérstakri umsókn sem send var vegna úrslitakeppna U19 karla og kvenna. Nú þegar hefur ÍSÍ staðfest að KSÍ fær ekki úthlutun árið 2024.

Tekjur af landsleikjum (8.3% af heildartekjum KSÍ)

Tekjur af landsleikjum eru tilkomnar vegna miðasölu á heimaleikjum landsliða Íslands (A karla, A kvenna og U21 karla) og tekjum vegna landsleikja erlendis og námu tæpum 160 m.kr. árið 2023.

Árið 2023 var gerð tilraun með breytingar á fyrirkomulagi miðasölu landsleikja á Laugardalsvelli, með það markmið að fjölga verðflokkum, endurspegla verðmæti leikja betur (m.a. miðað við stöðu mótherja á heimslista, til dæmis var miðaverð á leik gegn Portúgal hærra en miðaverð gegn Þjóð sem er neðarlega á heimslista, og miðað við mikilvægi leiks) og gefa kost á ódýrari miðum en áður. Það er álit KSÍ að halda þurfi áfram á sömu braut árið 2024 og í lok þess árs að skoða hvort ástæða sé til þess að fara í frekari breytingar.

Það er athyglisvert að skoða meðalfjölda áhorfenda sl. ár á Laugardalsvelli en nokkuð er í það að við náum sama áhorfendafjölda og var á meðan A landsliði karla gekk sem best. Einnig þarf að taka tillit til samkomutakmarkana vegna Covid-19 varðandi samanburð á milli ára. Ekki er þó ástæða til annars en að ætla að bjartari tímar séu framundan með fjölgun áhorfenda enda gefur árangur liðsins í upphafi árs 2024 góð fyrirheit.



Sjónvarpsréttur (22.2% af tekjum KSÍ)

Markaðsréttindi, sem að stórum hluta til eru sjónvarpsréttur, eru um 22% af heildartekjum KSÍ. KSÍ hefur um árabil framselt markaðsréttindi A landsliðs karla til UEFA þar sem þau eru seld heildstætt, sem hluti af mun stærri pakka (UEFA Centralization of Rights). Þetta fyrirkomulag tryggir KSÍ fyrirfram talsverðar tekjur þar sem UEFA skuldbindur sig til að greiða ákveðna lágmarksupphæð. Núverandi samningur við UEFA gildir frá júlí 2022 til júní 2028. UEFA greiðir KSÍ 17 milljónir evra fyrir tímabilið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þ.á.m. er að KSÍ er skuldbundið til að leika 40 A landsleiki karla (10 leiki á ári) á því tímabili. Þegar um landsleiki erlendis (vináttuleiki) er að ræða ber KSÍ enn fremur í sumum tilfellum ábyrgð á því að viðkomandi leikur sé framleiddur fyrir sjónvarp með þeim kostnaði sem því fylgir.

Markaðsréttindi A landsliðs kvenna eru hins vegar enn sem komið er í umsjón KSÍ. Það þýðir að þær tekjur eru breytilegri eftir markaðsaðstæðum. Jákvætt er að sjá að þær hafa verið að vaxa talsvert, en KSÍ er auðvitað háð smæð markaðarins innanlands. Þó er rétt að geta þess að KSÍ hefur átt fulltrúa í starfshópi á vegum UEFA þar sem verið er að kanna kosti þess að hafa fyrrgreint fyrirkomulag sem unnið er eftir karlamegin (UEFA Centralization of Rights) einnig kvennamegin.

Alls voru tekjur af sölu markaðsréttar KSÍ árið 2023, 430 m.kr. (15 m.kr. yfir áætlun) og þar af voru tekjur vegna A landsliðs karla 415 m.kr.

Aðrar rekstrartekjur (7.6% af tekjum KSÍ)

Aðrar tekjur voru 147 m.kr. árið 2023, eða 36 m.kr. yfir áætlun. Árlega falla hér undir greiðslur vegna fræðslumála (til dæmis námskeiðsgjöld), mótamála (til dæmis greiðslur félaga vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara og þátttökugjöld), erlendra leyfisgreiðslna og vegna viðburða og húsaleigu. Að auki kom árið 2023 til einskisgreiðsla vegna tjóns.

Rekstrartekjur Laugardalsvallar (6.6% af tekjum KSÍ)

Þá voru rekstrartekjur Laugardalsvallar um 56 m.kr. yfir áætlun, eða 128 m.kr. Árlega eru helstu tekjur Laugardalsvallar rekstrarframlag frá Reykjavíkurborg, vallarleiga (sem var yfir áætlun 2023 vegna fjölgunar leikja), tekjur vegna veitingasölu og loks aðrir viðburðir (til dæmis bókamarkaður).

Tekjur vegna veitingasölu voru hærrí árið 2023 en áætlanir gerðu ráð fyrir. Farið var í átaksverkefni tímabilið 2023 sem miðaði að því að bæta upplifun vallargesta, með t.d. veitingavögnum fyrir leiki og bættu eða breyttu skipulagi. Þessi fjárfesting KSÍ kallaði á aukinn kostnað, til dæmis meiri gæslu og rafmagnsnotkun en skilar sér vonandi í fjölgun áhorfenda til framtíðar.

Á árinu kom einnig til stuðningur frá Ríkissjóði og Reykjavíkurborg vegna kostnaðar við að halda Laugardalsvelli spilhæfum haustið/veturinn 2023.


Rekstrargjöld KSÍ

Rekstrargjöld ársins 2023 voru tæpir 2 milljarðar, eða 255 m.kr. yfir áætlun. Ýmsir þættir útskýra þessa breytingu en einnig þarf að horfa til aukinna tekna sem á móti komu.

Hér má sjá raungjöld ársins 2023 borin saman við áætlun.



Hér má sjá á myndrænan hátt kostnaðarskiptingu ársins 2023:



Kostnaður við landslið (49.3% af rekstrargjöldum KSÍ árið 2023).

Heildarkostnaður landsliða árið 2023 var 981 m.kr. eða 136 m.kr. yfir áætlun.

Helstu frávik landsliða frá áætlun 2023 eru útlustuð hér að neðan. Hafa þarf í huga að í einhverjum tilfellum komu tekjur á móti:

Árangurstengd frávik:

- Kostnaður við úrslitakeppnir EM U19 karla á Möltu og úrslitakeppni EM U19 kvenna í Belgíu var samtals 30 m.kr. Ekki hefur verið áætlað fyrir þátttöku í úrslitakeppni hin síðari ár (eða lengur) nema að lið hafi þegar tryggt sér sæti í úrslitakeppni þegar áætlun er lögð fram. Mót sem þessi eru fjárfesting fyrir KSÍ og aðildarfélag sambandsins, t.a.m. í möguleikum íslenskra félagsliða að selja leikmenn.
- Kostnaður við aukaleik U20 kvenna gegn Austurríki um laust sæti á HM í Kólumbíu var ekki í áætlun en kostnaður við þann leik var tæpar 6 m.kr.
- Árangurstengdar greiðslur til A kvenna voru 4.3 m.kr. fram yfir áætlun.

Önnur frávik landsliða

- Kostnaður við þjálfaraskipti A landsliðs karla var rúmar 44 m.kr. og er það fullnaðaruppgjör vegna þjálfaraskipta og kostnaðar við fyrrverandi og nýja starfsmenn.
- Kostnaður við aukaverkefni U23 kvenna í Marokkó í september 2023 var 2,2 m.kr. sem voru ekki í áætlun.
- Flug og upphaldskostnaður A landsliðs karla fór 29,8 m.kr. fram yfir áætlun. Inni í þeirri tölu er ein leiguvél sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun en metið var nauðsynlegt að taka út frá íþróttalegum ástæðum. Einingaverð hótélherbergja varð talsvert hærra en gert var ráð fyrir og skipti til dæmis sköpum að í síðasta leik ársins var tilkynnt seint um leikstað og því voru möguleikar á hóteli takmarkaðri en ef betri fyrirvari hefði gefist. Sama gildir um flugkostnað, einingarkostnaður var hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Flug og upphaldskostnaður A landsliðs kvenna fór 13,3 m.kr. fram yfir áætlun. Inni í þeirri tölu er ein leiguvél sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun en metið var nauðsynlegt að taka út frá íþróttalegum ástæðum. Rétt er að halda því til að haga að fjöldi starfsmanna í ferðum A landsliðs kvenna var í samræmi við áætlanir, en einingaverð hótélherbergja varð talsvert hærra en gert var ráð fyrir. Sama gildir um flugkostnað, ekki var um að ræða fleiri keypta miða en gert var ráð fyrir heldur var einingakostnaður hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Þá fór sameiginlegur landsliðskostnaður 7,2 m.kr. fram yfir áætlun, og vegur hæst kostnaður við viðbótar búnaðarkaup.
- Benda má á að frá 2018 þá hefur KSÍ breytt uppsetningu á starfsfólki yngri landsliða. Frá árinu 2018/19 voru teknir út fararstjórar og frekar teknir/teknir inn auka starfsmaður/starfsmenn sem nýttust liðunum betur. Aðalþjálfarar liðanna sáu um fararstjórn og höfðu alla yfirsýn á sinni könnu. Fjöldi starfsfólks hefur hins vegar ekki breyst í verkefnum, nema að starfsfólki hefur verið fækkað í einhverjum tilfellum. Talan sem miðað er við er 8 í mótsverkefnum en fer niður í 6 í vináttuleikjum. Þó er það þannig að hvert verkefni fyrir sig er metið og getur það verið eftir lengd verkefnis og staðsetningu hvað ákveðið er með fjölda starfsfólks. Eina liðið þar sem starfsfólki hefur fjölgað er U21 karla þar sem bætt var í sjúkrapjálfun, sem talið var nauðsynlegt sem og fjölmiðlafulltrúa í völdum verkefnum. Sama var upp á teningnum þar, að stjórnarfolk var ekki að fara í verkefni, heldur voru aukapjálfarar/leikgreinendur teknir í þeirra stað.
- Ef litið er á nýtingu okkar á þeim dögum (FIFA dagatal) kalla má leikmenn inn til æfinga/verkefna þá er KSÍ langt frá þeim fjölda daga sem hægt væri að vera með leikmenn í verkefni. Prósentur

nýttar miðað við ársdagatal FIFA var sem dæmi í U17 karla árið 2023 48%, (52% 2018) 44% (32% 2018) í U19 karla og 67% (80% 2018) í U21 karla sem dæmi. Flestar samanburðarþjóðir eru með mun betri nýtingu en Ísland. UEFA setti á laggirnar UEFA Development mót árið 2022 og KSÍ hefur tekið þátt með bæði karla og kvenna lið í þeim mótum. Það er viðbót við starfið og kærkomið þar sem að UEFA tekur þátt í hótél og upphalds kostnaði.

Árið 2019/2020 var fjölgun leikmanna á skýrslu hjá landsliðum. Það var í takt við það sem aðrar þjóðir voru að gera og UEFA greiddi hótél og upphaldskostnað fyrir 20 leikmenn.


Mótakostnaður (13.6 % af rekstrargjöldum KSÍ árið 2023).

Kostnaður við mótahald KSÍ var áætlaður rúmar 250 m.kr. árið 2023 en endaði í rúmum 270 m.kr.

Undanfarin ár hefur leikjum í mótum fjölgað jafnt og þétt. Á árinu 2023 voru leiknir 6.080 KSÍ leikir (Íslandsmót, meistarakeppni, bikarkeppni, deildarbikar, landsleikir). Leikirnir hafa aldrei verið fleiri og um er að ræða verulega aukningu, sem þýðir aukinn kostnað og fjölgun verkefna í niðurröðun og afleiddum verkefnum hjá KSÍ, og ekki síður hjá félögunum sjálfum. Alls tóku 770 keppnislið aðildarfélaga þátt í mótum á vegum KSÍ á árinu sem leið - 504 lið karla og 266 lið kvenna.

Heildardómarakostnaður KSÍ var árið 2023, 215 m.kr. Þess ber að geta að inni í þessari tölu eru til dæmis ekki laun starfsmanna dómaramála á skrifstofu KSÍ né annar skrifstofukostnaður tengdur umsýslu dómaramála. Af heildarkostnaði við dómara greiddu aðildarfélög KSÍ 7,3 milljónir króna, eða 3,4% af heildarkostnaði. UEFA greiðir árlega 100 þúsund evrur til KSÍ vegna dómaramála í gegnum UEFA HatTrick styrkjakerfið. Til þess að hljóta fulla greiðslu þarf KSÍ að standast þá gæðastaðla sem koma fram í dómarasáttmála UEFA (UEFA Referee Convention). Í dómarasáttmálanum eru ýmsar kröfur útlistaðar, og snúa meðal annars að skipan og skyldum dómaranefndar og skipulagi dómaramála almennt, launuðum starfsmönnum dómaramála og þeirra verkefnum, menntun og þjálfun dómara og starfsmanna dómaramála, og að sá búnaður sem dómarar noti standist gæðakröfur.

Árið 2023 er metár þegar kemur að mönnun dómarastarfa á KSÍ leiki. KSÍ tilnefndi dómara á alls 5.305 leiki, sem er talsverð aukning milli ára.



Samtals fór því mótakostnaður 20 m.kr. fram yfir áætlun árið 2023. Frekari sundurliðun á frávikum í mótakostnaði:

- Ferða- og fæðiskostnaður dómara fór 6 m.kr. yfir áætlun.
- Kostnaður við umsjón erlendra dómara og eftirlitsmanna í heimaleikjum félaga í Evrópukeppni félagsliða fór 7.3 m.kr. fram yfir áætlun. Þessi umframkostnaður er vegna fjölgunar heimaleikja í Evrópukeppni félagsliða, fjölgunar dómara (VAR) og því má því líta á þetta sem árangurstengt frávik.
- Annar mótakostnaður (svo sem verðlaunapeningar og media hub) fór 4.5 m.kr. fram yfir áætlun.


Fræðslukostnaður (3.4 % af rekstrargjöldum KSÍ árið 2023).

Fræðslukostnaður hækkar á milli ára, þ.e. frá 2022 til 2023 enda hefur aldrei verið boðið upp á jafn margar þjálfaragráður, til dæmis kom B stig barna- og unglingsþjálfunar nýtt inn árið 2023. Í takti við kröfur knattspyrnusamfélagsins er sérhæfingin sífellt að verða meiri í menntun þjálfara.

Raunkostnaður fræðslumála árið 2023 var rúmar 68 m.kr. eða 2 m.kr. undir áætlun.

Skrifstofu og rekstrarkostnaður (20.4 % af rekstrargjöldum KSÍ árið 2023).

Skrifstofu- og rekstrarkostnaður var áætlaður 397 m.kr. en niðurstaða ársins var 405 m.kr. Hér fyrir neðan má sjá þennan kostnað sem hlutfall af heildarkostnaði í sögulegu samhengi.



Hvað varðar frekari sundurliðun á frávikum ársins (8 m.kr.) þá var launakostnaður 3 m.kr. undir áætlun, sama má segja um tölvukostnað sem var 5,3 m.kr. undir áætlun. Aðkeypt sérfræðiþjónusta fór 8 m.kr. yfir áætlun, sem skýrist m.a. af lögmannskostnaði vegna máls sem fór fyrir Áfrýjunardómstól ÍSÍ og var síðar áfrýjað til Alþjóða Íþróttadómstólsins CAS, og þjónusta við almannatengsl fór fram yfir áætlun þar sem keypt var þjónusta vegna mála árið 2023 sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Fundakostnaður fór 6,9 m.kr. yfir áætlun, bæði vegna fjölgunar verkefna innanlands sem utan svo og hækkun á flugi og upphaldi.

Rekstrarkostnaður Laugardalsvallar (9.6 % af rekstrargjöldum KSÍ árið 2023).

Rekstrarkostnaður Laugardalsvallar fór 84 m.kr. yfir áætlun árið 2023, m.a. vegna fjölgunar leikja á vellinum. Í áætlun var gert ráð fyrir 9 landsleikjum og 2 bikarúrslitaleikjum, en fram fóru 16 leikir, auk undirbúnings fyrir síðasta leiks Breiðabliks í Sambandsdeild UEFA sem fluttur var með skömmum fyrirvara á Kópavogsvöll eins og kunnugt er.

Þeir leikir sem voru á vellinum og ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2023:

- Evrópuleikur KA (1)
- Evrópuleikur Breiðabliks (2+1, mikill kostnaður við þriðja leikinn var þegar tilkominn þegar leikurinn var færður á Kópavogsvöll)
- Úrslitaleikur Fótbolta.net bikarsins (neðri deildar bikar karla)
- Úrslitaleikur Lengjudeildar karla

Skýringar á umframkostnaði við rekstur Laugardalsvallar 2023 eru:

- Fjölgun leikja (5 + 1) með tilheyrandi kostnaði (laun, þrif, rafmagn, umhirða vallar o.s.frv.)
- Rafmagnsuppgjör fór 7,5 m.kr. yfir áætlun, m.a. vegna flóðljósa og nýs LED kerfis svo og kom nýtt gjald, svokallað aflagald. Þessu til viðbótar má nefna að KSÍ hefur hækkað um verðflokk í raforkukaupum. Full ástæða er til þess að taka raforkumál Laugardalsvallar til skoðunar á komandi starfsári. Skoða þarf kaup á varaafstöð, en nú þegar hefur ákveðin grunnvinna verið unnin til greiningar á þeim kaupum. Samkvæmt síðustu úttekt UEFA eiga flóðljós vallarins ekki mörg ár eftir og þarf að huga að endurnýjun þeirra. Rafmagnslagnir Laugardalsvallar eru gamlar og úr sér gengnar og viðhald er kostnaðarsamt.
- Öryggisgæslan fór 17 m.kr. fram úr áætlun, sem orsakast t.a.m. af fjölgun leikja, fyrr var opnað á völlinn en reiknað var með í áætlun (2 klst fyrir leik í stað 1 klst), leikur 17. júní á hátíðarálagi og leikir sem flokkaðir voru sem öryggisáhætta ("high risk supporters" og tímamótaleikur Ronaldo). Árið 2023 var gerð tilraun með að tvískipta gæslu á vellinum, þ.e. að kaupa öryggisgæslu frá sérhæfðum aðila og síðan þjónustu frá Björgunarsveitum. Markmið þessara breytinga var bæði að bæta þjónustu og lækka kostnað. Það er mat þeirra sem til þekkja að fyrra markmiðið hafi náðst að mestu og að þjónustan á árinu hafi verið góð þó að einhverjir hnökror hafi verið á í byrjun. Síðara markmiðið náðist ekki að þessu sinni eins og áður var komið inná og er nú unnið að því að slípa verkefni til, til að draga úr kostnaði. Gerð er krafa um að þessi breyting skili sér í sparnaði árið 2024 en það verður þó aldrei þannig að kostnaður við öryggisgæslu dragist mikið saman, til þess eru of hönnunargallar á Laugardalsvelli of margir (margir inngangar og hlið, opinn völlur o.s.frv.)
- Þá fór tækjaleiga fyrir Laugardalsvöll 6 m.kr. yfir áætlun. Undir þennan lið fellur öll leiga á tækjabúnaði vegna viðburða, svo sem fyrir drætti í Mjólurbikar og ýmis tækjabúnaður sem þarf vegna framkvæmdar leikja. Allur kostnaður vegna leigu á búnaði hefur hækkað nokkuð en einnig hafa kröfur um gæði aðstöðu og umgjörð í tengslum við framkvæmd leikja og beinar útsendingar frá viðburðum aukist. Unnið er að því að lækka þennan kostnaðarlið til lengri tíma með því að kaupa búnað í stað þess að leigja. Gert er ráð fyrir að þau innkaup fari að skila sér í lægri rekstrarkostnaði árið 2024.
- Kostnaður við framkvæmdir við að halda Laugardalsvelli leikhæfum haust/vetur 2023 var 38 m.kr. og var sá kostnaður ekki í áætlun ársins. Að teknu tilliti til annarra framlaga upp í þennan kostnað greiddi KSÍ 8 m.kr.

Framlög til aðildarfélaga


Alls var 109,2 m.kr. úthlutað til aðildarfélaga en áætlun gerði ráð fyrir 121 m.kr. KSÍ greiddi 48,2 m.kr. til aðildarfélaga (annarra en þeirra sem léku í Bestu deild karla) vegna þróunarstarfs barna- og unglíngja. Félögin í Bestu deild karla fengu sérstakt framlag frá UEFA vegna þróunarstarfs barna og unglíngja í knattspyrnu (club youth development) að fjárhæð 153,4 m.kr. Þá fengu átta félög í Bestu deild kvenna (sem tóku ekki þátt í Evrópukeppni) einnig framlag frá UEFA, að fjárhæð 15 m.kr. Þess utan greiddi KSÍ félögum í leyfiskerfinu 20,5 m.kr. og ferðaþátttökugjald, verðlaunafé og sjónvarpsgreiðslur vegna Mjólkurbikars, að fjárhæð 40,5 m.kr.

Sundurliðun á tekjum og gjöldum vegna Mjólkurbikars karla og kvenna 2023:

Mjólkurbikar 2023 Markaðstekjur	
Nafnaréttur	3.180.000
Media	2.772.000
Markaðsréttindi	1.628.000
Streymi	16.835.175
Data	3.316.320
	27.731.495
Mjólkurbikar 2023 kostnaður	
Dómaralaun	-7.349.250
Ferða- og upphaldskostn. dómara	-3.957.360
Annar kostnaður við bikarkeppni	-7.516.327
	-18.822.937
Mjólkurbikar 2023 greiðslur til félaga	
Mjólkurbikar sjónvarpsframlög ka og kv	-10.000.000
Verðlaunafé greitt af KSÍ	-6.900.000
	-16.900.000
Tap á Mjólkurbikar 2023	
Tap á Mjólkurbikar 2023	-7.991.442

Að auki má nefna að KSÍ tók árið 2008 þá ákvörðun að létta tímabundið álögum á aðildarfélögum KSÍ með því að taka yfir allan ferða- og upphaldskostnað dómara, þrátt fyrir ákvæði í reglugerð KSÍ um að aðildarfélög greiði ferða- og upphaldskostnað dómara.

Hér að neðan má sjá þróun á þeim dómarakostnaði sem KSÍ ber vegna leikja meistaraflokka karla og kvenna á Íslandsmóti og í bikarkeppni.



Samantekt

Rekstrarniðurstaða Knattspyrnusambands Íslands á árinu 2023 eftir greiðslur til aðildarfélaga er því tap sem nemur 126.789.362 kr. Ef sú niðurstaða er sett í samhengi við síðustu ár, þá má sjá tengsl milli afkomu KSÍ og greiðslna frá UEFA vegna Þjóðadeildar karla, en þær greiðslur koma á sléttum árum. UEFA og FIFA gera upp í fjögurra ára lotum og tekur UEFA skýrt fram að réttara sé að skoða rekstur samtakanna yfir þau ár, en ekki hvert og eitt ár fyrir sig. Í því samhengi má nefna að þegar horft er til lengri tíma má sjá að samtals er hagnaður Knattspyrnusambands Íslands 43.414.125 kr. árin 2020-2023 og 200.141.112 kr. ef litið er til síðustu sex ára 2018-2023.

